

Anna Guðný Guðmundsdóttir

† Anna Guðný Guðmundsdóttir fæddist í Reykjavík 6. september 1958. Hún lést í faðmi ástvína á líknardeild Landspítalans 11. september 2022. Foreldrar Önnu eru Guðmundur Halldórsson, f. á Borgarfirði eystra 10.8. 1932, og Aagot Arnadóttir, f. á Vopnafirði 7.4. 1935.

Systkini Önnu eru Hjördís, f. 2.12. 1956; Þórdís, f. 24.4. 1960; Sverrir, f. 24.3. 1962, og Kristján, f. 8.11. 1966.

Anna Guðný giftist Sigurði Ingva Snorrasoni, f. 22.4. 1950, hinn 7.12. 1985.

Börn þeirra eru: 1) Ásta, f. 6.10. 1989, maki Kristján R. Hjörleifsson. Börn þeirra: Baldur Páll, f. 21.9. 2018, og Sóldís Sumarrós, f. 23.9. 2020. 2) Guðmundur Snorri, f. 10.5. 1992, unusta Anna Katrín Þórkelsdóttir. Barn þeirra Hafdís Anna,



f. 7.5. 2021. Sigurður á tvo syni frá fyrra hjónabandi: Marian, f. 21.6. 1975, maki Guðrún Dís Kristjánsdóttir. Börn þeirra eru Bjarki Freyr, f. 29.8. 2006, og Sandra Dís, f. 21.6. 2014. Fyrir átti Marian soninn

Bergvin Mána, f. 12.7. 1995, móðir hans Kolbrunn Gunnarsdóttir. Daniel, f. 23.6. 1976, sambýliskona Eva Hillerz, sonur þeirra Eíður Logi, f. 30.12. 2017. Anna Guðný lagði stund á pí-anónám í Barnamúsíkskólanum hjá Stefáni Edelstein. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1977 og burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1979. Þá lauk hún framhaldsnámi frá Guildhall School of Music and Drama í London árið 1982 þar sem hún lagði áherslu á meðleik og kammertónlist.

vildi veg Sinfóníuhljómsveitarinnar og samstarfsfólksins þar sem mestan. Sama gildi um nemendurna í MIT og LHI sem hún fylgdi í lokaprófi; hún var stolt af þeim og fylgdist vel með ferli þeirra eftir útskrift. Og hún var stolt af börnunum þeirra Sigga og naut tilkomu barnabarnanna af djúpri og einlægri gleði. Hún átti ríkulegt líf og lífði því vel.

Við Anna kvóddumst á afmælisdaginn hennar við glitrandi veginn þar sem hún var umvafin sól-argeislum og tónum úr klarinettnni hans Sigga. Fáeinum dögum síðar var hún öll. Farðu vel, frænka og vinkona. Ég mun hugsa um þig í miklu sólskini.

Svanhildur Óskarsdóttir.

Haust. Ég horfi á spegilslétt vatnið, morgunroðinn litur austurhlíð fjallsins fjólubláa og bleika. Skógurinn skartar fegurstu haustlitum. Fuglarnir eru byrjaðir að bústanga en þeir eru margir á förum, hafa lokið verkefni sínu þetta árið. Ég hugsa um upphaf og endi og þessa undarlegu vegferð sem er líf okkar manna. Um hjallana sem við klöngrumst yfir, fjöllin sem við klífum, en einnig um fegurðina sem við kynnumst á leiðinni og hamingjuna sem felst ekki síst í samneytinu við ferðafélagana. Fólkið sem fetar veginn með okkur og sem réttir út höndina þegar gangan verður erfið og gleðst með okkur þegar torfærurnar eru að baki. Fólkið sem ég kalla föruneiti. Anna Guðný Guðmundsdóttir var í mínu föruneiti. Við vorum systradætur og vinkonur frá því ég man fyrst eftir mér. Við vorum samstiga í svo mörgu á lífsleiðinni allt frá því að við gengum saman í Barnamúsíkskólanum þar sem okkur opnaðist töfraheimur tónlistarinnar. Og við uxum úr grasi, vorum ungar konur á tímum umbreytinga, kvenna-baráttan var komin á skrið og okkur var mikilvægt að efla eigið sjálfstæði og finna eigin rödd. Þetta var ekki síst mikilvægt ungru listakonu og Anna tókst á við það af því hugrekki og einurð sem einkenndi hana alla tíð.

Við tókum til við starfsferilinn, urðum eiginkonur og meður og svo ömmur. Alltaf héldum við tryggð hvor við aðra og gættum þess að skapa okkur pláss í annrúki hversdagsins til að hittast, á áratugi höfum við hist reglulega yfir hádegisverði með Svanhildi systur og svo Þórdísi systur Önnu. Þessi hópur hefur verið minn átta-víti og fundirnir vettvangur fyrir hvaðeina sem manni bjó í brjósti, gefandi samræður og jafnframt sprúðlandi kátinu. Alltaf var hægt

Anna var um árabíl fastráðinn píanóleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hjá Kammerveit Reykjavíkur, lék með Karlakór Reykjavíkur í hartnar 30 ár og spilaði með öllu helsta tónlistarfólki landsins, bæði söngvurum og hljóðfæraleikurum. Hún kom reglulega fram á Listahátíð og fjölmörgum tónlistarhátíðum, s.s. Reykjavík Midsommer Music og Reykholtshátíð. Þá lék Anna inn á um 30 geisladiska með mörgu fremsta tónlistarfólki landsins en auk þess gaf hún út rómaðar einleikspötur.

Anna Guðný hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2008 fyrir flutning sinn á verki Oliviers Messiaens Tuttugu tillit til Jesúbarnsins. Áður hafði hún hlotið orðu Hvítu rósarinnar frá finnska ríkinnu (1997) og verið útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2002. Síðastliðið vör hlaut hún heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna og hinn 17. júní í ár var hún sámd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt á sviði tónlistar.

Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju í dag, 22. september 2022, klukkan 15. Hlekk á streymi má nálgast á: www.mbl.is/andlat

að gleðjast með Önnu. Og margar dásamlegar samverustundir höfum við átt í litla tónlistarfélaginu okkar, bæði erlendis og hér heima.

Anna elskaði vinnuna sína og var ávallt sami eldhuginn í tónlistinni. Verkefnið voru svo spennandi og henni vannst alltaf svo gaman. Alla ævi lagði hún áherslu á að proska sig sem listakonu, bæði með því að takast á hendur við og krefjandi verkefni og einnig með því að fylgjast vel með því sem var að gerast í menningu og listum. Það var stórkostlegt að fylgja henni þegar hún tókst á við stórvirki Oliviers Messiaens, Tuttugu tillit til Jesúbarnsins, sem hún flutti á tónleikum á 50 ára afmælisdaginn sinn. Það er ógleymanleg stund.

Þegar reiðarslagið dundi yfir með sjúkdómsgreiningunni fyrir hálfu öðru ári kom styrkur Önnu, einurð og bjartsýni enn og aftur í ljós. Þau Siggi voru einstaklega samhent í því að njóta þeirra gæðastunda sem hver dagur gaf. Af orlæti sínu gáfu þau okkur öllum sem kringum þau stóðum ríkulega af gleðistundum. Nú er komið að leiðarlokum og í hjarta mér er fyrst og fremst þakklæti fyrir samfylgdina og vináttuna sem aldrei þar skugga á. Söknudurinn er sár en hugsunin um Önnu mun minna okkur á að halda áfram að njóta fegurðarinnar og lífsins. Því það kemur alltaf nýr dagur og nýtt vor.

Aagot Vigdís Óskarsdóttir.

Ég veit eiginlega ekki hvenær við Anna ákváðum að verða vinir. Við höfðum lengi þekkt og þar á undan vissi ég auðvitað um hana. Hún lagði ósjaldan leið sína heim til Ísafjarðar til tónleikahalds og í minningunni fór þar glæsileg kona, svo faguð, svo glöð, svo klár. Á sumarslóðum 2006 komu Anna Guðný og Diddú vestur og héldu masterclass og tónleika á tónlistarhátíðinni Við Djúpið. Þá má segja að við Anna höfum fyrst unnið saman. Þar byrjaði hún að kalla mig frænda en við erum nokkuð skyld úr Pistilfirði í Norður-Pingeyjarsýslu.

Mér þykir alla tíð síðan sérstaklega vænt um kveðjuna „frændi“, er Anna Guðný notaði þegar við hittumst, sem varð æ oftast eftir því sem árin liðu. Anna var gestur Við Djúpið á ný 2008 og lék þá valin tillit til Jesúbarnsins í fyrsta sinn, ógleymanlegri tónleik. Rúmu ári síðar höfum við að vinna saman hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar var Anna Guðný sannarlega haurk í horni

fyrir mig, rennblautan á bak við eyrun. Til hennar gat ég leitað til að fá innsýn í sjónarmið hljóðfæraleikaranna og var hún óspór á ráðin handa frænda.

Ég þykist líka vita að nærvera Önnu í hljómsveitinni hafi haft mikil áhrif á starfsumhverfið innan sviðs sem utan. Jafnaðargeð, fagmennska, góðvild og gæska hennar smitaði út frá sér svo um munaði.

Þær fjölmörgu lýsingar samferðafólks er lýsa tónlistarkonunni og píanóleikaranum Önnu Guðnýju gætu allt eins átt við um frænkuna og vinkonuna. Tónleikarýrnirinn hefði getað skrifað silkimjúkt, tígulegt fas, engin læti en alltaf ástæða og inneign. Sá sem sagði í útarpið að hún styddi við nemendurna skilyrðislaust hefði allt eins getað átt við vinnu, vinnufélagana, fjölskylduna. Sjálf sagðist hún eiga erfitt með að neita spennandi verkefnum þótt það þýddi enn eina vinnuhelgina. Þar hefði Anna líka getað átt við bón frændans um stund yfir glasi, „mér þykir vænt um fólk“, sagði hún.

Þegar við Anna Guðný hættum að vinna á sama vinnustað fundum við að okkur langaði að halda áfram að hittast og sköpuðum til þess afar huggulegan og „formlegan“ vettvang. Fundir okkar voru mikið tillökunarefni því huggulegri félagsskap er erfitt að hugsa sér. Anna Guðný sýndi verkefnum frænda, högum og skoðunum mikinn áhuga og gat af innsæi og naemi fyrir málefnum líðandi stundar bætt sjónarhorni sínu við. Sömuleiðis voru frásagnir Önnu Guðnýjar af störfum hennar og umhyggju fyrir vinum, góðum mat og drykk, föstudags-saltfiski Sigga, fjölskyldu og ferðalögum nærandi umráðuefni.

Ég á eftir að sakna Önnu Guðnýjar og vinfunda, smáskilaboða þegar við hvort í sínum sófanum horfðum á línulega dagskrár og glottum rafrænt hvort til annars, stundanna yfir freyðandi víni eða við kaffivélina í Hörpu. Sérstaklega minnst ég dýrdardaganna við Ísafjarðardjúpið í sumar sem leið. Nú er gott til þess að hugsa að fagaður píanóleikur hennar er til á ótal upptökum og brosið hennar og hlýjan lifir í tónlistinni. Minnumst orða Önnu Guðnýjar frá í mars: „Eins og veröldin snýst þessa dagana skulum við muna að tónlistin getur bæði sefað og sameinað.“

Greipur frændi.

Elskuleg frænka okkar, Anna Guðný, er látin. Hún hefur tilheyrð lífi okkar frá upphafi enda við náskyld í báðar ættir sem þjóðir eiginlega að hún var næsti bær við að vera systir okkar. Yfir frænku hefur alltaf sviðið andi listfengi, högværðar, gjafmildi, elskulegheita og áhuga á högum annarra. Tónlistarhæfileikar hennar sem hún ræktaði svo fallega og af mikilli elju hafa alla tíð vakið addáun og svo ótal oft hefur verið tilefni til að samgleðjast henni með þær verðskuldur viðurkenningar og fallgu umsagnir sem hún hefur hlotið í gegnum starfsferilinn og vera hreykinn af því að vera skyldur henni.

Við höfum átt því láni að fagna að eiga samleið með Önnu ýmist á vettvangi tónlistarinnar eða í samveru í frænkulúbbnum okkar góða, innanlands og utanlands. Þær minningar ylja okkur núna þegar við kveðjum hana svo allt of fljótt. Það var mikið áfall fyrir alla þegar Anna greindist skyndilega með sinn sjúkdóm fyrir aðeins 20 mánuðum en það hefur líka verið lærdómsríkt að fá að standa nærri henni þann tíma og fylgjast með því hvernig manneskjan getur tekið á við örölg sín. Eins og í lífinu gerði hún það af einstakri yfirvegum og hugrekki, full vonar um að meðferð bæri árangur, opin fyrir að nota bæði hefðbundna meðferð og viðbótarmeðferð ýmiss konar en jafnframt raunsa varðandi horfur sínar. Hún greip

hvert tækifæri sem gafst til að skapa sér og öðrum gleðistundir á þessum tíma eins og heilsan leyfði, dyggilega studd af Sigga sínum, Þórdísi systur, börnum og öðrum ástvinum.

Við þökkum fyrir samfylgdina í lífinu og allar góðu minningarnar um einstaka manneskju sem alltaf munu lifa. Innilegar samúðarkveðjur sendum við ykkur, kæra fjölskylda.

Hvíl í friði elsku frænka.

Anna Guðný, Brynja og Brjánn Ingabörn og fjölskyldur.

„Jú, ég slæ til, viking“ sagði Anna við mig í júní 2016. Það voru aðeins tvær vikur í tónleika með Music for a Summer Evening eftir George Crumb, óhemju krefjandi verki sem ég hugðist leika á sumartónlistarhátíðinni minni en réð ekki við að læra í tæka tíð. Ég hafði færst of mikið í fang og það var bara eitt til ráða í stöðunni: að hringja í Önnu. Og hvort hún sló til – útkoman var einn af hápunktum innleiðni og sögu hátíðarinnar. Anna gat sigrast á hvaða verkefni sem var í tónlistinni. Það þurfti bara að stínga upp á því við hana og þá kom þetta blík í augun: áskorun tekið! Hún var töffari með stáltaugar en hún var líka með hjarta úr gulli. Oft var talað um hana sem afburða meðleikara, sem var auðvitað rétt, en að mínum dómi var hún einfaldlega einhver albesti hljóðfæraleikari sem við höfum átt, í einleik jafnt sem kammarmúsík. Það sannaði hún oftast en einu sinni og oftast en tvisvar. En hún var jafn högvær og hún var svöl og skemmtileg, virtist varla vita af tónlistargáfum sínum og heimsklassa píanisma.

Mínar fyrstu minningar um Önnu eru úr Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem hún var píanóleikari og meðleikari um árabíl. Ég fylgdist með henni úr fjarlægð, hún spilaði betur en aðrir á píanó upp að því marki að 12 ára ég var örliðið smeykur við hana. Hvernig var hægt að slá aldrei feilnót? Það skipti engu máli hvort hún var að leika með nemendum í 6. stigi eða á tónleikum með Diddú: trúnaður hennar við tónlistina var einstakur og órofinn.

Í seinni tíð varð Anna mér dýrmætur bandamaður. Við spiluðum saman á tvo flygla og á milli okkar myndaðist sterkur strengur. Mitt í veikindunum bauð hún mér heim og hlustaði á mig spila í gegnum nýja efnisskrá á Bösann sinn, opnaði svo kampavín og bauð upp á bragðbestu kóku Íslands. Hjá þeim Sigga var hversdagurinn víðsfarri og veröldin svo opin og skemmtileg.

Fráfall Önnu Guðnýjar er mikill og ótímabær missir fyrir íslenskt tónlistarlíf en mestur er þó missir fjölskyldu og ástvína. Þeim votta ég mína dýpstu samúð.

Víkingur Heiðar Ólafsson.

Við kveðjum í dag yndislega samstarfskonu og framúrskarandi listamann. Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1985 og var fastráðin við hljómsveitina frá 2005. Hún var einstakur starfsmaður sem tók öllum verkefnum fagnandi, föstruveru í frænkulúbbnum okkar góða, innanlands og utanlands. Þær minningar ylja okkur núna þegar við kveðjum hana svo allt of fljótt. Það var mikið áfall fyrir alla þegar Anna greindist skyndilega með sinn sjúkdóm fyrir aðeins 20 mánuðum en það hefur líka verið lærdómsríkt að fá að standa nærri henni þann tíma og fylgjast með því hvernig manneskjan getur tekið á við örölg sín. Eins og í lífinu gerði hún það af einstakri yfirvegum og hugrekki, full vonar um að meðferð bæri árangur, opin fyrir að nota bæði hefðbundna meðferð og viðbótarmeðferð ýmiss konar en jafnframt raunsa varðandi horfur sínar. Hún greip

hvert tækifæri sem gafst til að skapa sér og öðrum gleðistundir á þessum tíma eins og heilsan leyfði, dyggilega studd af Sigga sínum, Þórdísi systur, börnum og öðrum ástvinum. Við þökkum fyrir samfylgdina í lífinu og allar góðu minningarnar um einstaka manneskju sem alltaf munu lifa. Innilegar samúðarkveðjur sendum við ykkur, kæra fjölskylda.

Hvíl í friði, elsku Anna Guðný.

Fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitar Íslands,

Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri.

Mig langar að minnst minnar kærur vinkonu og samstarfskonu, elsku Önnu Guðnýjar.

Það er svo sárt að sjá á bak henni, svo falleg og björt sem hún var. Við lékum saman í mörgum tónlistarhópum í gegnum árin og með okkur þróaðist innileg vinátta sem einkenndist af gleði, umhyggjusemi og trausti og varð innilegri eftir því sem árin liðu. Hún bauð af sér einstaklega góðan þokka og átti mjög auðvelt með að vinna með mismunandi tónlistarmönnum. Hún hafði sínar skoðanir og gat einnig verið viðkvæm en umfram allt var það blíða hennar sem gerði hana svo sjarmerandi. Aldrei heyrði ég hana hækka róminn við aðra, hún var einstaklega hvetjandi og hallmælti aldrei öðrum píanistum og var örliði á hrós. Hún var dugnaðarforkur og þótti alltaf gott að setjast að flyglinum á morgnana, hún sagði mér það oft. Hún brann fyrir tónlistinni, fyrir Sinfó og vildi sjá veg alla sem mestan og bestan. Ógleymanlegar eru tónlistar- og samverustundir okkar með Fífilbrekkuhópnum sem Siggi stofnaði og studd- og skemmtibandinu Salon Íslandus. Það var óskaplega gaman að fá hana til að hlæja og hún var mikil stemningsmanneskja og kenndi okkur vinkonunum að njóta stundarinnar, helst með vel kældu freyði- eða kampavíni. Við nutum þess að vera í dómklúbbi með henni en hún var aðaldaman. Með harm í hjarta kveð ég hana en þakka um leið fyrir minningarnar. Ég votta elsku Sigga, sem þar hana á höndum sér, og fjölskyldu hennar og börnum mína innilegustu samúð og bið Guð og englana að styrkja þau og vernda.

Sigrún Eðvaldsdóttir.

Það er með sárum söknuði og mikilli virðingu sem ég kveð mína elskulegu nöfnu Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur. Þýðing hennar í íslensku tónlistarlífi undanfarna áratugi á sér fáar hlöðstæður. Hún var píanóleikarinn sem gat allt. Hún var frumkvöðull á sínu sviði og gerði þeim líkast, sem ekki vissu fyrir, að meðleikur á píanó er ákaflega krefjandi og gefandi starf. Orðið meðleikur er nú orðið fast í sessi og komið í stað „undirleikur“, sem þótti ekki sérlega áhugavert starf á árum áður. Jafnvel má sjá á ekki svo ýkja gömlum efnisskrám á að eftir nafni píanóleikarans stóð orðið „aðstoðar“. Það er ekki lítil aðstoð sem felst í því að leika t.d. Kreutzer-sónötu Beethovens með fiðuleikara.

Anna Guðný var meðal þeirra allra fyrstu sem sérhæfðu sig í meðleik í námi sínu erlendis. Hún upphöf meðleikinn í æðra veldi og var stórkostleg fyrirmynd annarra píanóleikara. Þótt á engan sé hallað, þá var hún fremst meðal jafningja allan sinn feril. Hún sýndi og sannaði að til þess að skara fram úr í þessu starfi þurfti líka að vera frábær einleikari. Hún var það. Hún var jafnfrávíg á meðleik með hvaða hljóðfæri sem var, söng og ekki síst kammertónlist. Auk þess var hún fastráðinn píanóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands um árabíl eða þar til veikindin bundu enda á ferilinn. Það starf eitt og sér krefst mikillar sérhæfingar.

Söknuðurinn er sár, skarðið er stórt, en þakklætið er mikið fyrir að hafa átt slíka samferðakonu í áratugi og fengið að njóta þess að vinna með henni við ótal tækifæri.

Ég sendi mínar innlegustu samúðarkveðjur til Sigurðar Ingva, barna og barnabarna og annarra fjölskyldumeðlima og vina.

Guðný Guðmundsdóttir.

Anna Guðný, samstarfsystir til rúmlega 40 ára, akkeri mitt og klettur í tónlistinni, er horfin í ljósið til að kanna guðdómlegan fugla-söng í paradís. Leiðir okkar lágu fyrst saman innan veggja Guildhall School of Music and Drama. Í örvandi og hvetjandi andrúmsloftinu þar sugum við í okkur áhrifin. Þar upphófst líka djúp vinátta og slógu hjörtu okkar í takt músiklega. Við æfðum og ófum marglita strengi, féllum kylliflatur fyrir listaskólum og andagiftinni í tónmáli Messiaens. Margt annað var próf- að daginn út og inn. Þetta voru ár blóðs, svita og tára. Engin miskunn, við vissum að æfingin meitlar meistarann. Af næmi og fagmennsku kafaði Anna djúpt í leit að fullkomnu þegar hún réðst til atlögu við áskorun lífs síns, verkjó „Tuttugu tillit til Jesúbarnsins“.

Hvernig höndum hún fór um það verkefni er lýsandi fyrir vinnu- og skilningu Önnu á listinni. Hæfileikar hennar voru ótvíræðir og spilamennskan óaðfinnanleg. Eins ólíkar og við vorum bar aldr- ei skugga á okkar gifturka samband. Alltaf sat hún hnakkakerri við hljóðfærið eins og upplýst stuðlaberg. Ekkert hreyfist nema liprir fingurnir sem hlupu upp og niður hljómborðið, á meðan ég galopnaði hjartað og jós úr skálum sönggleðinnar. Stundum gat augnablikið orðið „háspenna/ lífshætta“, sérlega þar sem söngkonan er hálfhrymjarlaus! Þannig mótuðum við og lærðum hvor á aðra og tókum oft flugið upp í hæstu hæðir. Eitt sinn áttum við að mæta í flug til Ísafjarðar, Anna mætti á undan út á völlu. Ég hafði sofið yfir mig, endasentist í náttfötunum á flugvöllum, en sá vélna takast á loft með Önnu innanborðs. Hún varð veðurteppt í fimm daga, án mín! Þar kenndi hún mér að stundvísi borgar sig. Allt sem við höfum upplifað saman í tónlistinni og lífinu er ég óendanlega þakklát fyrir. Alla tónleikana og uppákomurnar um víða veröld, í sölum heimsins eða þegar við fórum í flesta grunnskóla landsins með tónlist fyrir alla, þá snarþreittust krakkarnir í litlar Næturdrötningar í morgunsárið, hvílik var upplifun þeirra. Eitt sinn í byrjun ferilsins héldum við með áætlanarríttu í söngferð norður í land, þótti okkur frekar dræm mæting, en komumst að því að þetta var í miðjum hestaréttum! Okkur leið svöltið eins og við værum „Tvær úr Tungunum“! Samstarf okkar spannar allt litróf tónbókmenntanna. Hvílikt ferðalag; gleði og gjöf lífsins að hafa haft Önnu samferða við að koma skilaboðum tónlistargöjunnar til umheimsins.

Ástarþakkir himinhæða elsku Siggis og fjölskyldan öll fyrir Önnu. **Sigrín Hjálmtýs- dóttir (Diddú).**

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari er látin. Stórt skarð er nú höggvið í fremstu raðir íslenskra tónlistarmanna. Anna Guðný var píanóleikari í hæsta gæðaflokki og kom mjög víða við í íslensku tónlistarlífi, bæði sem einleikari, meðleikari og píanóleikari Símfóníuhljómsveitar Íslands um árabil. Ég var svo heppinn að njóta hjálpar hennar við kennslustörf mín, bæði við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Þeir nemendur sem báru gæfu til að vinna með henni munu aldrei gleyma þeirri alúð, samvirksemi og innblæstri sem hún lagði í hvern einasta nemanda. Svona var allur

hennar ferill. Hann einkenndist af ótrúlegri kunnáttu, natni og góðvild. Hún hafði stórkostlegt vald á hljóðfærinu, syngjandi tón, skýrleika og fallega mótun á hendingum. En öll þessi gæði flytjandans, Önnu Guðnýjar, komu ekki fyrirhafnarlaust. Að baki lá gífurleg vinna og eljusemi. Þegar ég lit yfir feril hennar síðustu fjórutíu ár er erfitt fyrir mig að skilja afköst hennar. Það er ekki ofmælt að segja að hún hafi afkastað tveggja manna framlagi í þágu tónlistar og menningar á Íslandi. Í erfðum veikindum hennar var Sigurður Ingvi sá klettur sem aldrei haggast.

Það er með sorg og söknuði í hjarta að ég kveð þessa einstöku konu, sem gaf svo mikið.

Sigurði Ingva og fjölskyldum þeirra beggja sendi ég mína innlegustu samúðarkveðju.

Gunnar Kvaran.

Það var eins og birti til þegar Anna Guðný settist við hljóðfærið. Útgeislun, fágun og virðing fyrir viðfangsefninu gerðu stundina eftirminnilega.

Það var mikið gæfuspör fyrir Karlaðór Reykjavíkur þegar hún gerðist meðleikari kórsins og tók við af samedarkonunni Guðrínu A. Kristinsdóttur. Samstarf Önnu Guðnýjar og Friðriks S. Kristinsonar, stjórnanda kórsins, var einstaklega farsælt í þrjú áratugi. Eldri félagar í Karlaðór Reykjavíkur nutu einnig samstarfs við þau Friðrik og Önnu Guðnýju og ógleymanleg varð afmælisferð kórsins til Vestfjarða, þar sem Sigurður Ingvi, eiginmaður hennar, var einnig með.

Ég var svo lánsamur að kynnaast foreldrum Önnu Guðnýjar, Aagað Arnadóttur og Guðmundi Halldórssyni, mætum heidurs- hjónum og mannkostir þeirra höfðu sannarlega skilað sér til dótturinnar. Harmur þeirra á háum aldri er mikill.

Kæri Sigurður Ingvi Snorrason. Enn man ég úr Karfavogi 21, þegar þið bræður og foreldrar sókuð lagði á aðfangadagskvöldi svo hljómaði milli hæða. Svona geymast minningar.

Innilegar samúðarkveðjur til ykkar allra.

F.h. eldri féлага í Karlaðór Reykjavíkur,

Reynir Ingibjartsson.

Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur kynntist ég í Tónlistarskólann í Reykjavík á áttunda áratugnum þar sem hún, ung menntaskólustúlka, var í píanónámi, en ég nýkominn til starfa sem fjölkennari. Strax þá birtust þeir eiginleikar sem síðar urðu aðalsmerki Önnu Guðnýjar bæði sem píanóleikara og samstarfskonu, einlæg gleði og áhugi á verkefnum, næmi, vandvirkni, nákvæmni og úthald.

Eftir framhaldsnám við Guildhall School of Music í London sneri; gleði og gjöf lífsins að hafa haft Önnu samferða við að koma skilaboðum tónlistargöjunnar til umheimsins.

Ástarþakkir himinhæða elsku Siggis og fjölskyldan öll fyrir Önnu. **Sigrín Hjálmtýs- dóttir (Diddú).**

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari er látin. Stórt skarð er nú höggvið í fremstu raðir íslenskra tónlistarmanna. Anna Guðný var píanóleikari í hæsta gæðaflokki og kom mjög víða við í íslensku tónlistarlífi, bæði sem einleikari, meðleikari og píanóleikari Símfóníuhljómsveitar Íslands um árabil. Ég var svo heppinn að njóta hjálpar hennar við kennslustörf mín, bæði við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Þeir nemendur sem báru gæfu til að vinna með henni munu aldrei gleyma þeirri alúð, samvirksemi og innblæstri sem hún lagði í hvern einasta nemanda. Svona var allur

hennar ferill. Hann einkenndist af ótrúlegri kunnáttu, natni og góðvild. Hún hafði stórkostlegt vald á hljóðfærinu, syngjandi tón, skýrleika og fallega mótun á hendingum. En öll þessi gæði flytjandans, Önnu Guðnýjar, komu ekki fyrirhafnarlaust. Að baki lá gífurleg vinna og eljusemi. Þegar ég lit yfir feril hennar síðustu fjórutíu ár er erfitt fyrir mig að skilja afköst hennar. Það er ekki ofmælt að segja að hún hafi afkastað tveggja manna framlagi í þágu tónlistar og menningar á Íslandi. Í erfðum veikindum hennar var Sigurður Ingvi sá klettur sem aldrei haggast.

okkar saman um heiminn er ferðin til Kína haustið 1999 ógleymanleg fyrir margra hluta sakir, m.a. þegar Anna Guðný fékk að æfa sig í hljóðfærabúð í Nanking þar sem við höfðum ekki aðgang að sal fyrir en rétt fyrir tónleikana.

Ég kveð Önnu Guðnýju með miklu þakklæti fyrir langt og farsælt samstarf og vináttu og bið henni og fjölskyldu hennar Guðs blessunar.

Rut Ingólfssdóttir.

Í dag kveðjum við í Karlaðór Reykjavíkur með miklum söknuði og allt of snemma okkar yndislegu Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, píanóleikara kórsins til 30 ára. Fyrstu tónleikar Önnu með kórnum voru árið 1984 um voríð, en píanóleikari kórsins í 20 ár, Guðrún A. Kristinsdóttir, hafði handleggis- brotnað og var úr leik. Þetta var rétt fyrir tónleikana og mjög stuttur fyrirvari. Páll Pampichler Pálsson söngstjóri kórsins fékk þá ungan og efnilegan píanóleikara, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, til að hlaupta í skarðið. Þá var Anna aðeins 25 ára. Sex árum síðar árið 1990 urðum við í kórnum þeirrar gæfu aðnjótandi að fá Önnu til liðs við okkur aftur og upp frá því var hún píanóleikari á árlegum vortónleikum kórsins í hartnær 30 ár og í fjölmörgum kórferðalögum bæði hér heima og erlendis. Anna var sæmd heiðursmerki Karlaðórs Reykjavíkur árið 2012. Það sem einkenndi spila- mennsku Önnu og var svo hrifandi var þessi mikla reisn þegar hún settist við flyglinn og tófráði fram tónana af þviliku listfengi að mað-

ur gat auðveldlega gleymt stund og stað. Og hver man ekki eftir meistaraverkinu „Tuttugu tillit til Jesúbarnsins“ eftir franska tónskáldið Olivier Messiaen sem Anna flutti í Langholtskirkju í til- efni af fimmtugsafmæli sínu árið 2008. Það var stór stund og ógleymanleg.

Nú er söngurinn hljóður og horfinn, aðeins hljómar frá bjöllunni klíð. Allt er hljótt yfir langferða leidum þess er leitar að óminni og friði. (Freysteinn Gunnarsson)

Nú er komið að leiðarlokum og við félagarnir í kórnum þökkum Önnu Guðnýju fyrir samstarfið og fyrir að vera ein af okkur í leik og starfi. Hennar verður ávallt minnst með mikilli virðingu.

Elsku Siggis, börn og fjölskylda, megi góður guð styrkja ykkur öll. Fyrir hönd Karlaðórs Reykjavíkur,

Friðrik S. Kristinsson, söngstjóri.

Fallin er frá í blóma lífsins listakonan góða Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.

Við fráfall hennar er stórt skarð höggvið í forystusveit íslenskra tónlistarmanna. Hún kom víða fram, gerði alla hluti vel, var góður listamaður sem vandaði til verka í hvívetna í öllu því sem fyrir hana var lagt. Hennar er sárt saknað.

Eiginmanni hennar, Sigurði Ingva Snorrasoni, ættingjum hennar og vandamönnum öllum sendum við okkar innlegustu samúðarkveðju.

Agústa og Jónas Ingimundarson.

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og bróður,

SIGURÐAR ÁSTRÁÐSSONAR, Reyrhaga 14, Selfossi,

sem lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 16. júlí. Útförin fór fram frá Selfoskirkju miðvikudaginn 27. júlí.

Guðný Bjarnadóttir Ásta Björk Sigurðardóttir Willy Blumenstein Sigurður Bjarki Blumenstein Sólon Blumenstein Valgeir Ástráðsson Emilía Björg Möller Herdís Ástráðsdóttir Þorvaldur Sigurðsson

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ATLI SIGURÐSSON bóndi, Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. september, verður jarðsönginn í Þorgeirskirkju laugardaginn 24. september klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvínasamtök Þorgeirskirkju, reikningsnúmer 1110-15-201755, kt. 560119-2160.

Elma Atladóttir Þráinn Óskarsson Ragna Atladóttir Guðmundur Sigfínnsson Sigurður Atlason Berglind Gunnarsdóttir og barnabörn

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

SIGRÍÐUR KARÓLÍNA JÓNSDÓTTIR, fyrrverandi bóndi á Mið-Grund undir Eyjafjöllum,

lést þriðjudaginn 20. september á hjúkrunarheimilinu Kirkjuholvi Hvolsvelli. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þorgerður J. Guðmundsd. Viðar Bjarnason Kristín Á. Guðmundsdóttir Diðrik Ísleifsson Bára Guðmundsdóttir Lárus Hjaltsted Róbert Bragi Guðmundsson Jóhann B. Guðmundsson Thongmat Nonthakhamjan Guðbjörg Guðmundsdóttir Halldór Valdemarsson barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

ur gat auðveldlega gleymt stund og stað. Og hver man ekki eftir meistaraverkinu „Tuttugu tillit til Jesúbarnsins“ eftir franska tónskáldið Olivier Messiaen sem Anna flutti í Langholtskirkju í til- efni af fimmtugsafmæli sínu árið 2008. Það var stór stund og ógleymanleg.

Nú er söngurinn hljóður og horfinn, aðeins hljómar frá bjöllunni klíð. Allt er hljótt yfir langferða leidum þess er leitar að óminni og friði. (Freysteinn Gunnarsson)

Nú er komið að leiðarlokum og við félagarnir í kórnum þökkum Önnu Guðnýju fyrir samstarfið og fyrir að vera ein af okkur í leik og starfi. Hennar verður ávallt minnst með mikilli virðingu.

Elsku Siggis, börn og fjölskylda, megi góður guð styrkja ykkur öll. Fyrir hönd Karlaðórs Reykjavíkur,

Friðrik S. Kristinsson, söngstjóri.

Fallin er frá í blóma lífsins listakonan góða Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.

Við fráfall hennar er stórt skarð höggvið í forystusveit íslenskra tónlistarmanna. Hún kom víða fram, gerði alla hluti vel, var góður listamaður sem vandaði til verka í hvívetna í öllu því sem fyrir hana var lagt. Hennar er sárt saknað.

Eiginmanni hennar, Sigurði Ingva Snorrasoni, ættingjum hennar og vandamönnum öllum sendum við okkar innlegustu samúðarkveðju.

Agústa og Jónas Ingimundarson.

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og bróður,

SIGURÐAR ÁSTRÁÐSSONAR, Reyrhaga 14, Selfossi,

sem lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 16. júlí. Útförin fór fram frá Selfoskirkju miðvikudaginn 27. júlí.

Guðný Bjarnadóttir Ásta Björk Sigurðardóttir Willy Blumenstein Sigurður Bjarki Blumenstein Sólon Blumenstein Valgeir Ástráðsson Emilía Björg Möller Herdís Ástráðsdóttir Þorvaldur Sigurðsson

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ATLI SIGURÐSSON bóndi, Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. september, verður jarðsönginn í Þorgeirskirkju laugardaginn 24. september klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvínasamtök Þorgeirskirkju, reikningsnúmer 1110-15-201755, kt. 560119-2160.

Elma Atladóttir Þráinn Óskarsson Ragna Atladóttir Guðmundur Sigfínnsson Sigurður Atlason Berglind Gunnarsdóttir og barnabörn

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

SIGRÍÐUR KARÓLÍNA JÓNSDÓTTIR, fyrrverandi bóndi á Mið-Grund undir Eyjafjöllum,

lést þriðjudaginn 20. september á hjúkrunarheimilinu Kirkjuholvi Hvolsvelli. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þorgerður J. Guðmundsd. Viðar Bjarnason Kristín Á. Guðmundsdóttir Diðrik Ísleifsson Bára Guðmundsdóttir Lárus Hjaltsted Róbert Bragi Guðmundsson Jóhann B. Guðmundsson Thongmat Nonthakhamjan Guðbjörg Guðmundsdóttir Halldór Valdemarsson barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ATLI SIGURÐSSON bóndi, Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. september, verður jarðsönginn í Þorgeirskirkju laugardaginn 24. september klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvínasamtök Þorgeirskirkju, reikningsnúmer 1110-15-201755, kt. 560119-2160.

Elma Atladóttir Þráinn Óskarsson Ragna Atladóttir Guðmundur Sigfínnsson Sigurður Atlason Berglind Gunnarsdóttir og barnabörn

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

SIGRÍÐUR KARÓLÍNA JÓNSDÓTTIR, fyrrverandi bóndi á Mið-Grund undir Eyjafjöllum,

lést þriðjudaginn 20. september á hjúkrunarheimilinu Kirkjuholvi Hvolsvelli. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þorgerður J. Guðmundsd. Viðar Bjarnason Kristín Á. Guðmundsdóttir Diðrik Ísleifsson Bára Guðmundsdóttir Lárus Hjaltsted Róbert Bragi Guðmundsson Jóhann B. Guðmundsson Thongmat Nonthakhamjan Guðbjörg Guðmundsdóttir Halldór Valdemarsson barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

EINAR ORRI DAVÍÐSSON myndasmiður,

lést á krabbameinsdeild Landspítala miðvikudaginn 14. september. Útför fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 23. september klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vilja minnast Einars er bent á Ljósið.

Helga Klara Alfreðsdóttir Tómas Orri Einarsson Heba Laufdal Hansdóttir Anna Einarisdóttir Róbert Traustason Karl Einarsson Birgitta Saga Jónsdóttir og afabörn

+

Elskulegur eiginmaður minn, bróðir, fósturfaðir og afi,

GÚSTAV KRISTJÁN GÚSTAVSSON rafeindavirkjameistari, Skipalóni 5, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 15. september. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 26. september klukkan 13.

Margrét Sólveig Ólafsdóttir Ásdís Heiðdal Gústavsdóttir Berglind Gerða Libungan Bjarni Berg Elfarsson Lísanna Libungan Kjartan Benediktsson Sindri Fannar Ólafsson Corinna Spruch Daniel Pálmar Ólafsson og barnabörn

+

Elsku sonur okkar, bróðir og dóttursonur,

JONNI SMÁRASON, Bríetartúni 26,

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudagskvöldið 7. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Jóhanna Sigurjónsdóttir Smári Jónsson Jóna Dögg Smrádóttir Jóna Magnúsdóttir

+

Elsku pabbi okkar, tengdapaðbi, afi og langafi,

YNGVI ÖRN GUÐMUNDSSON, Jónfríðarstaðavegi 7, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 16. september. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 3. október klukkan 14. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir.

Ingibjörg Lydía Yngvadóttir Aldís Yngvadóttir Jón Þór Þorgeirsson Yngvi Jósef Yngvason Þórdís Ósk Rúnarsdóttir Eyjólfur, Daði, Andri, Hugrún, Gígja, Signý, Kristófer Rúnar og langafabarn

+

Ástkær eignkona mín og móðir okkar,

GUÐRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR, Didda,

lést laugardaginn 17. september á Landakoti. Hún verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 27. september klukkan 13.

Ragnvald Larsen Garðar, Gróa Erla, Anna María, Kristín Ragnhild og ástvinir

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

IBSENS ANGANTÝSSONAR skipstjóra, Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ.

Hulda Guðmundsdóttir Davíð Ibsen, Matthildur Sigríður Jónsdóttir Ríkhárdur Ibsen, Stella Norðdal Gísladóttir Marteinn Ibsen, Astrid María Dahl Reynisdóttir barnabörn og barnabarnabörn